

Nd.

**398. Breytingartillaga**

[125. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórnin skal svo fljótt sem við verður komið taka upp samningaviðræður við Stéttarsamband bænda um þau rekstrarlegu og fjárhagslegu vandamál sem landbúnaðurinn á nú við að stríða.

Í þessum viðræðum skal að því stefnt, að gert verði samkomulag til næstu 4—5 ára um stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðarins og um fjárhagsvandamál atvinnugreinarinnar.

Í samkomulagssumræðum þessum skal m. a. fjallað um eftirfarandi:

- a) Stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðar næstu 4—5 árin.
- b) Hvernig mæta skuli þeim fjárhagsvanda sem bændastéttin stendur frammi fyrir, þar sem augljóst er að lögbundnar útflutningsuppbætur munu ekki duga til að tryggja bændum umsamið grundvallarverð.
- c) Skipulag framleiðslunnar á þann veg að framboð landbúnaðarafurða verði í sem bestu samræmi við markaðsskilyrði.
- d) Markaðs- og solumál landbúnaðarafurða. Fyrirkomulag á greiðslum til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum og útflutningsbótum.
- f) Athugun á skiptingu landsins í framleiðsluvæði með það fyrir augum að beina framleiðslunni til þeirra landsvæða sem hagkvæmast er í hverju tilfalli, en draga úr framleiðslu þar sem náttúrulegrar og markaðslegar aðstæður eru óhagkvæmar.
- g) Ýmis hagsmunamál bændastéttarinnar og möguleika á því að draga úr þeim mikla mun sem nú er á afkomu bænda.
- h) Önnur atriði sem aðilar telja rétt að taka upp í sambandi við samkomulag á milli bændastéttarinnar og ríkisvaldsins.